

Bréf landshöfðingjans (til bæjarfógetans í Reykjavík).

Samþykkt, að bæjarstjórnin í Reykjavík taki að láni til aðgjörðar á Austrylli 4,000 krónur, og til — — — — — Austrstræti 6,000 — — — — — þannig að lánsfê þetta verði endurgöldið á 28 árum með því að greiða árlega 6% vexti af því.

16
10da
október.

Bréf landshöfðingjans (til stiptsyfirvaldanna).

Eftir að landshöfðinginn hafði meðtekið ummæli stiptsyfirvaldanna 20. maí þ. á. um bænarskrá frá prestinum síra Stefáni Thorarensen á Kálfatjörn, þar sem hann fer þess á leit, að veittir verði barnaskóla þeim, sem stofnaðr hefir verið í Vatnsleysustrandarhreppi, styrkr úr Thorkillii barnaskólasjóði að upphæð 1000—1200 rd., var málefni þetta borið upp fyrir ráðgjafanum fyrir Ísland, og hefir hann 25. f. m. ritað mér á þessa leið:

17
17da
október.

Þá er ráðgjafanum hafði borist erindi yðar, herra landshöfðingi, dagsett 29. maí þ. á., þar hann málefni það, sem þar er um rætt upp fyrir konungi, og hefir hans hátign þóknast allramildilegast að fallast á 15. þ. m. samkvæmt allræðegnsamlegustum tillögum ráðgjafans að veita megi skóla þeim, sem stofnaðr er með nafninu „Thorkillibarnaskóli í Vatnsleysustrandarhreppi“, 1200 rd. vaxtalaust lán, þegar veðsett verði fyrir því með fyrsta veðrétti jörð sú, sem skólinn á, ½ Suðrkot, og skólahús þau, sem á henni eru bygð, og með því skilyrði, að annaðhvort verði húsin með fullu verði trygð gegn eldsvoða, og að þessi ábyrgð með fram verði veðsett, *ellegar* að sjóðnum verði, auk veðréttarins í nefndri eign, útvegaðr fullgildir ábyrgðarmaðr, sem taki að sér eigi minna en 600 rd. af skuldinni með sömu skuldbindingum, sem hann sjálfir hefði fengið fêð til láns (selvskyldnerkaution).

Þetta skal hér með kunnngjört yðr, herra amtmaðr, og yðr háæruverðugi herra, yðr til leiðbeiningar og til þess, að þér ráðstafið því, sem með þarf.

Bréf landshöfðingjans (til amtmannsins yfir suðr- og vestrundæminu).

Í tilefni af bönarbréfi frá dannebrogsmanni Ásgeiri Fionbogasyni á Lundum er amtmanni tilkynt, að hans hátign konunginum hafi þóknast 16. júlí þ. á. allramildilegast að fallast á, að nefndum dannebrogsmanni verði greiddr 50 rd. árlegr styrkr úr sjóði heidrsmerkjanna.

18
17da
október.

Bréf landshöfðingjans (til amtmannsins yfir suðr- og vestrundæminu).

Eftir að rannsóknardeildin hafði leitt athygli að því, að sýslumaðrinn í Ísafjarðarsýslu hefði sumarið 1872 gefið út 6 bráðabirgðaskýrteini fyrir lestagjaldi af skipum, sem höfðu flutt vörur hingað til landsins, en ekki getið þessara skýrteina í reikningi sínum, var leit að skýrslu um þetta málefni, og komst það þá upp, að sýslumaðrinn hefði, þá er hann, eftir að bráðabirgðaskýrteinin voru afhent, fêkk eyðiblöð undir sjóleiðarbréf, ritað slík bréf fyrir hinar sömu ferðir og bráðabirgðaskýrteinin voru rituð fyrir, og afhent þessi leiðarbréf án þess að heimta, að bráðabirgðaskýrteinum væri skilað apr, og án þess að rita á leiðarbréfin, að þau snerti hinar sömu ferðir og bráðabirgðaskýrteinin.

19
17da
október.

Í tilefni af þessu voru sýslumanninum samkvæmt bréfi ráðgjafans frá 14. f. m. veittar ávitur fyrir hirðulausa embættisgjörð, og fyrir að hafa sýnt óreglu með því ekki að hlutast til um, að sér væri í tækan tíma send eyðiblöð undir sjóleiðarbréf.